

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

aukablað: frambjóðendur 2026

apríl 2026



Maí 2026. Aukablað vegna framboða

LIONS Á ÍSLANDI - THE LION IN ICELANDIC

Fjölumdæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Forsíðumynd: Framtíðarleiðtogar, þátttakendur í
Leiðtogaskólanum ásamt kennurum – Ljósmyndari: Þorkell
Cýrusson

Fjölumdæmisstjórn:



Anna F. Blöndal, fjölumdæmisstjóri. Anna er félagi í Lionsklúbbum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simnet.is



Thelma Rós Kristinsdóttir, umdæmisstjóri í 109 A. Thelma Rós er félagi í Lionsklúbbnum Eden og er með tölvupóstfangið thelmaros81@gmail.com



Aðalsteinn Hallgrímsson, umdæmisstjóri 109B. Aðalsteinn er félagi í Lionsklúbbnum Vitaðsgjafi. Netfang Aðalsteins er hallgrimssona@gmail.com

Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur.

Þar sem framboð til embætta voru ekki tilbúin við útgáfu aprílsblaðs okkar ákvað ritstjóri í samráði við fjölumdæmisstjórn að gefa út aukablað með upplýsingum um framboðin. Þetta blað er eingöngu rafrænt og sent til allra lionsfélaga.

Ég minni á þingið okkar sem haldið verður að þessu sinni að Laugarvatni í lok maí og hvet ég alla til að mæta þar og sérstaklega þá sem eru að taka að sér embætti í klúbbum til að sækja skólanna.

Ég þakka öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs fyrir þeirra framlag.

Vinsamlegast sendið greinar á netfang okkar ásamt myndum.

Netfang Lionsblaðins er: lionsbladid@lions.is

Með lionskveðju,

Þorkell Cýrusson ritstjóri

Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir starfsárið 2025-2026

Framboð til fjölumdæmisstjóra MD 109 starfsárið 2026-2027 Inga Lóa Steinarsdóttir Lionsklúbbnum Freyja



Ég undirrituð Inga Lóa Steinarsdóttir, Lionsklúbbnum Freyju, Keflavík býð mig fram til embættis fjölumdæmisstjóra starfsárið 2026-2027 með þeim skyldum sem embættinu fylgja.

Ég hef starfað í hreyfingunni í tæp 12 ár, 5 ár sem lionessa og 7 ár sem lionsfélagi. Ég lét strax til mín taka og hef verið í stjórn klúbbsins mín meira og minna til dagsins í dag.

Embætti sem ég hef sinnt:

- 2025-2026 vara fjölumdæmisstjóri
- 2024-2025 umdæmistjóri, skýrsluritari
- 2023-2024 vara umdæmisstjóri, skýrsluritari, netfulltrúi 109A
- 2022-2023, 2 vara umdæmisstjóri, skýrsluritari, svæðisstjóri sv.5, og netfulltrúi 109A
- 2020-2021 ritari
- 2020-2019 ritari
- 2018-2019 gjaldkeri
- 2016-2017 formaður

Fyrir utan ofangreind embætti hef ég verið formaður skemmtinefndar, laganefndar og tengiliður klúbbsins í hinum ýmsum sameiginlegum verkefnum

Suðurnesjaklúbbanna.

Ég hef mikinn áhuga á félagsstörfum og hef verið í flestum nefndum, starfsmannafélögum þar sem ég hef unnið og hef verið sjálfbóðaliði Rauða Krossins til marga ára.

Ég er óendanlega stolt að vera Lions félagi og hafa fengið að kynnast hreyfingunni bæði á landsvísu og erlendis og hef gert mitt allra besta að vera hreyfingunni til sóma.

Inga Lóa Steinarsdóttir.

Framboð til umdæmisstjóra 109A starfsárið 2026-2027

Einar Hilmarsson, Lionsklúbbi Laugardals



Fyrir hönd Lionsklúbbs Laugardals, samkvæmt samþykkt frá febrúar fundi klúbbsins, tilkynni ég að við bjóðum fram Einar Hilmarsson til embættis umdæmisstjóra í umdæmi 109 A, starfsárið 2026-2027.

Einar Hilmarsson hefur verið lionsfélagi frá árinu 2011. Hann hefur gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, m.a. verið formaður og gjaldkeri.

Einar starfaði í félagateymi umdæmisins 2023-2024, og hefur gegnt embætti varaumdæmisstjóra 109A 2025-2026.

F.h. Lionsklúbbs Laugardals.
Einar Þór Lárusson, ritari

Framboð til umdæmisstjóra 109B starfsárið 2026-2027

Sigríður Guðrún Friðriksdóttir, Lionsklúbbum Hræreki



Lionsklúbburinn Hræreki hefur samþykkt að bjóða fram félagi klúbbsins, hana Sigríði Guðrúnu Friðriksdóttur, til að gegna embætti umdæmisstjóra umdæmis 109B starfsárið 2026 – 2027.

Sigríður er einn af stofnfélögum Lionsklúbbsins Sifjar, deild Vitaðsgjafa sem stofnuð var 29. nóvember 2018. Frá þeim tíma hefur Sigríður gegnt ýmsum embættum m.a. verið ritari og aðstoðarmaður stjórnar í þrjú ár. Einnig hefur hún setið í þeim nefndum sem Sif hefur haft í gegnum tíðina og komið að öllum fjáröflunarverkefnum sem í gangi hafa verið.

Hún hefur sótt fjölmarga skóla og námskeið hjá Lions á þessum árum frá 2018 til dagsins í dag en til að nefna þau helstu eru til dæmis skólar fyrir svæðisstjóra, formenn, gjaldkera og ritara Lions og Leiðtogaskólinn (RLLI) sem hún sótti árið 2020. Sigríður var á síðasta starfsári formaður deildarinnar Sifjar en Sifjarkonur fluttu sig í Lionsklúbbum Hrærek og tók Sigríður þar við formannsembættinu og stýrir klúbbum þetta starfsár líka. Einnig hefur Sigríður gegnt starfi svæðisstjóra og það gerði hún á síðasta starfsári á svæði 6.

Það er okkar trú, félaganna í Hræreki, að Sigríður sé verðugur fulltrúi Lions og styðjum við allar sem ein, heilshugar við bakið á okkar frábæra félagi.

Lionsklúbburinn Hræreki

Framboð til vara fjölumdæmisstjóra MD 109 starfsárið 2026-2027 Sumarliði Ásgeirsson Lionsklúbbi Stykkishólms



Ég undirritaður Sumarliði Ásgeirsson Lionsklúbbi Stykkishólms, býð mig fram til embættis vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2026 - 2027 með þeim skyldum sem embættinu fylgja. Ég hef starfað í hreyfingunni í rúm 15 ár, og hef gegnt nokkrum af helstu störfum hreyfingarinnar sem og innan míns klúbbs.

Embætti sem ég hef sinnt:

- Leiðtogaskólinn 2012 (RLLI)
- Formaður 2013 – 2014
- Formaður 2020 – 2021
- Svæðisstjóri 2021 – 2023
- Umdæmisstjóri 2024 – 2025
- Útbreiðslustjóri (GET) 2025 – 2026
- Netfulltrúi 2025 - 2026
- Faculty Development Institute (FDI) 2026

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á félagsstörfum. Stofnaði skotveiðifélag, reisti Björgunarsveit upp frá dauðum (tvisvar) og hef verið í ýmsum stjórnnum og nefndum síðastliðin 40 ár. Ég er heillaður af Lionshreyfingunni og mun gera mitt besta til að vera klúbbum mínum og Lions á Íslandi til sóma.

Sumarliði Ásgeirsson

Framboð til vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2026-2027 Björgvin G. Sigurðsson, Lionsklúbbum Dynk



Á félagsfundu var samþykkt að styðja Björgvin G. Sigurðsson til framboðs vara umdæmisstjóra starfsárið 2026-2027.

Björgvin er stofnfélagi í Lionsklúbbum Dynk og var annar formaður klúbbsins og síðar svæðisstjóri fyrir svæði 4 í 109A. Þá hefur hann sinnt kynningarmálum klúbbsins, skrifaði í Lionsblaðið, sett efni inn á Lions Mál og ljósmyndað starf klúbbsins.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Dynks,

Hlynur Árnason, formaður.

Framboð til vara umdæmisstjóra 109B starfsárið 2026-2027 Gísli Már Gíslason, Lionsklúbbi Patreksfjarðar



Lionsklúbbur Patreksfjarðar býður fram Gísla Má Gíslason, félagi í Lionsklúbbi Patreksfjarðar í embætti fyrsta vara umdæmisstjóra starfsárið 2026 – 2027. Gísli Már tók embætti 2. varaumdæmisstjóra á síðari hluta starfsárs 2025 - 2026 og fyllti með því skarð í embættismannaskrá B Umdæmisins. Hann hefur verið Lionsmaður frá árinu 2017 og verið virkur þátttakandi í starfi Lionsklúbbs Patreksfjarðar m.a. verið formaður klúbbsins tvívegis ásamt því að vinna ötullega í samfélagsverkefnum klúbbsins.

Framboð til 2. vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2026-2027 Ólafur Tryggvi Gíslason, Lionsklúbbum Ásbirni



Framboð til embættis 2. varaumdæmisstjóra 2026 – 2027.

Fyrir hönd stjórnar Lionsklúbbs Ásbjarnar, tilkynni ég að við bjóðum fram Ólaf Tryggva Gíslason til embættis 2. varaumdæmisstjóra í umdæmi 109 A, starfsárið 2026-2027.

Ólafur Tryggvi Gíslason hefur verið Lionsfélagi frá árinu 2007.

Ólafur hefur verið svæðisstjóri 109 A starfsárið 2025 -2026.

Hann hefur gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, m.a. verið formaður, ritari og formaður fjáröflunarnefndar.

Guðni Gunnarsson formaður

Framboð til 2. vara umdæmisstjóra 109B starfsárið 2026-2027 Hólmfríður Guðrúnu Skúladóttur, Lionsklúbbum Sunnu.



Lionsklúbburinn Sunna á Dalvík og Lionsklúbbur Dalvíkur bjóða Hólmfríði Guðrúnu Skúladóttur (sem gengur undir nafninu Hófý) fram til embættis 2. vara umdæmisstjóra. Hófý hefur gegnt stöðu formanns Lionklúbbsins Sunnu í fjögur starfsár, gjaldkeri í fjögur og ritari í tvö starfsár. Þetta starfsár hefur hún starfað sem svæðisstjóri á svæði 6 í umdæmi 109B.

Hófý hefur verið lionsfélagi í Lionsklúbbum Sunnu í 28 ár og þar hefur hún verið mikill drifkraftur í fjáröflunum og í starfi klúbbsins. Hún hefur t.d. verið í forsvari fyrir fjáröflun Bleiku slaufunnar á okkar svæði. Hófý hefur stórt lionshjarta og hefur beitt sér ötullega að stækkun og innra starfi Sunnu. Auk þess sem hún hefur lagt mikinn metnað í að gera okkur sýnilegar í samfélagi okkar.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Sunnu Anna Hafdís Jóhannesdóttir, formaður – Eva Björg Guðmundsdóttir, gjaldkeri og Sylvía Sigurðardóttir, ritari.

Eftirfarandi eru í framboði til embætta í fjöllumdæmisráði 2026-2027

a) Fjöllumdæmisritari til eins árs	Víðir Guðmundsson	Garður
b) Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs	Stefán Árnason	Vítaðsgjafi
c) Leiðtoga- og fræðslustjóri (GLT) til eins árs	Jón Pálmason	Víðarr
d) Félagastjóri (GMT) til eins árs	Geirprúður F. Bogadóttir	Æsa
e) Verkefnastjóri (GST) til eins árs	Sigfríð Andradóttir	Æsa
f) Útbreiðslustjóri (GET) til eins árs	Kristófer Tómasson	Geysir
g) Formaður Kjaransorðunefndar 2025- 2028	Björg Bára Halldórsdóttir	Rán
h) Umhverfisstjóri til eins árs	Dagný S. Finnsdóttir	Úa
i) Heiðursjóður Guðrúnar Bjartar 2025-2028	Hörður Sigurjónsson	Njörður
j) Heilbrigðisstjóri 2024-2027	Jón Bjarni Þorsteinsson	Mosfellsbær
k) Laganefnd/formaður 2024-2026	Lárus Pálsson	Seyðisfirði
l) LCIF stjóri 2024-2027	Björn Guðmundsson	Hængur
m) Markaðs- og kynningarstjóri 2026-2028	EKKERT FRAMBOÐ BORIST	
n) MedicAlert stjóri 2024-2027	Þór Steinarsson	Fjörgyn
o) Netstjóri 2024-2027	Sigríður Guðmundsdóttir	Iceland.is
p) PID – fyrrverandi alþjóðaforseti	Guðrún Björt Yngvadóttir	Eik
q) PID – fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður	Halldór Kristjánsson	Ásbjörn
r) PID – fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður	Jón Bjarni Þorsteinsson	Mosfellsbær
s) Protokoll stjóri 2026-2029	Hörður Sigurjónsson	Njörður
t) Ritstjóri Lions og heimasíðu 2024-2027	Þorkell Cýrusson	Víðarr
u) Ungmennaskiptastjóri 2024-2027	Björg Bára Halldórsdóttir	Rán
v) Skoðunarmenn reikninga 2026-2027		
i) 1. aðal	Gunnlaugur Árnason	Stykkishólm
ii) 2. aðal	Benjamín Jósefsson	Akranes
iii) 1. vara	Elín Halldóra Hermannsdóttir	Æsa
iv) 2. vara	Halldór Karl Hermannsson	Grindavík
w) Vara fjöllumdæmisstjóri	Sumarliði Ásgeirsson	Stykkishólm
x) Varaumdæmisstjóri 109A (fyrsti)	Björgvin G. Sigurðsson	Dynkur
y) Varaumdæmisstjóri 109B (fyrsti)	Gísli Már Gíslason	Patreksfirði
z) Varaumdæmisstjóri 109A (annar)	Ólafur Tryggvi Gíslason	Ásbjörn
aa) Varaumdæmisstjóri 109B (annar)	Hólfríður Guðrún Skúladóttir	Sunna

